



Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2023**1. Hjallastefnan - viðaukasamningur**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 42.350 þ.kr. vegna framlengingu á samningi við Hjallastefnuna um lækkun á leigugreiðslum og kostnaðarþátttaka í framkvæmdum að upphæð 20.000 þ.kr., samanlagt 62.350 þ.kr. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn. st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-62.350
SFS	xxx	Hjallastefnan - vegna leigu og framkvæmda við húsnæði	Til	62.350
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 2. maí 2022 heimild til að veita framlag til Hjallastefnunnar vegna kostnaðarþátttöku í leigugreiðslum til að leysa tímabundna húsnæðisþörf starfseminnar. Fyrirhugað var að starfsemi skólans væri komin í varanlegt húsnæði haustið 2023. Verkefnið hefur hins vegar reynst flóknara og því liggur fyrir að starfsemi Hjallastefnunnar mun vera áfram í Skógarhlíð 6 skólaárið 2023-2024. Í ljósi þess er því lagt til að framlengja heimild um kostnaðarþátttöku í leigugreiðslum Hjallastefnunnar til loka skólaársins 2023-2024. Jafnframt þarf að fara í breytingar á húsnæðinu vegna krafna frá eftirlitsaðilum. Fjárheimildin rúmast innan þess fjármagns sem tekið hefur verið frá miðlægt vegna verkefnisins Brúum Bilið.

2. Harpa tónlistarhús – rekstrarframlag

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 70.000 þ.kr. sem verði heimilt að veita sem viðbótarframlag til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss á árinu 2023. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn. st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-70.000
MÍR	03145	Framlag til tónlistar- og ráðstefnuhúss	Til	70.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Gerður er fyrirvari um sambærilegt framlag ríkisins sem fer með 54% eignarhlut í Hörpu á móti Reykjavíkurborg (46% eignarhlutur). Um er að ræða aukaframlag til eins árs. Gert var ráð fyrir þessu framlagi til Hörpu í fjárhagsáætlun 2023.

3. Málefni fatlaðs fólks - flutningur fjárheimilda

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli þjónustuhluta á velferðarsviði.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	F4120	Samningar og styrkir, málefni fatlaðra	Frá	-136.162
VEL	F4335	Heimili fyrir börn, Bleikjugróf 6	Til	136.162
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Óskað er eftir að viðauki verði samþykktur þess efnis að fjárheimild verði flutt af samningar og styrkir, málefni fatlaðra yfir til heimili fyrir börn Bleikjugróf 6. Fjárheimild hefur verið nýtt til að þjónusta börn með miklar geðraskanir á sameiginlegum kostnaðarstað um málefni fatlaðs fólks. Óskað er eftir því að fjárheimildin verði flutt yfir á Bleikjugróf, heimili fyrir börn með miklar og flóknar þjónustupáttir.

4. Skeggjagata - flutningur fjárheimilda milli þjónustupátta

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli þjónustuhluta á velferðarsviði.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	F9715	Rafræn miðstöð	Frá	-625
VEL	V1110	Skrifstofa stjórnarsýslu VEL	Frá	-1.250
VEL	F1100	Keðjan	Frá	-1.250
VEL	R3001	Suðurmiðstöð	Frá	-3.125
VEL	F8210	Ófyrirséð útgjöld	Frá	-4.167
VEL	R1001	Vesturmiðstöð	Frá	-6.250
VEL	R2001	Norðurmiðstöð	Frá	-8.333
VEL	R5001	Austurmiðstöð	Frá	-8.333
VEL	01292	Sameiginlegur kostnaður miðstöðva	Frá	-10.417
VEL	F4399	Sameiginlegt - búsetuúrræði	Frá	-12.500
VEL	F3275	Skeggjagata	Til	56.250
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun með tillögnum.

Greinargerð:

Á 445. fundi velferðarráðs þann 01. febrúar sl. var samþykkt að gera breytingar á fjárhagsáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2023 vegna reksturs neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karlmenn við Skeggjagötu. Nú liggur fyrir að úrræðið opnar í ágúst og því er óskað eftir því að heimild fái til flutnings á fjárheimildum milli þjónustupátta.

5. Kjarasamningsbundnar hækkanir

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða hækki um 4.988.724 þ.kr. vegna kjarasamningsbundna hækkana sem tóku gildi 01. apríl 2023. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-4.988.724
RHS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	13.439
FAS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	46.347
MÍR	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	323.037
MAR	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	1.896
MOS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	4.650
SFS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	2.733.300
ÞON	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	65.590
USKRRK	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	166.041
USKES	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	148.109
ESR	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	5.000
ONN	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	2.532
VEL	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	1.478.785
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun með tillögnum.

Greinargerð:

Samningar sem um ræðir eru vegna þeirra 19 félaga sem hafa gengið frá samningum en enn eru 8 félög sem ekki hafa samið og þar af eru tvö félög sem eru með samning út september 2023.

6. Útboð fruminnheimtu

Lagt er til að fjárheimildir fjármála- og áhættustýringarsviðs hækki um 5.732 þ.kr. vegna færslu innheimtuviðskipta úr einum banka í annan í kjölfar útboðs á fruminnheimtu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn. st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-5.732
FAS	01362	Fruminnheimta	Til	5.732
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun með tillögnum.

Greinargerð:

Undanfarin 6 ár hefur Íslandsbanki séð um innheimtuþjónustu ásamt fruminnheimtu fyrir Reykjavíkurborg og rann samningurinn við bankann út 31.12.2022 án þess að hægt væri að framlengja samninginn. Útboð á fjármálaþjónustu, innheimtuþjónusta ásamt fruminnheimtu fór fram 2. nóvember 2022. Niðurstaða útboðsins var að skipta þurfti um banka þar sem Landsbankinn bauð bestu verðin.

Það getur verið töluverð vinna við að skipta um banka vegna innheimtuþjónustu ásamt fruminnheimtu en þó er misjafn hversu mikla vinnu það útheimtir þar sem kerfi bankanna eru ólík. Í ljós hefur komið að leggja þurfti í töluverða vinnu við að aðlaga sendingar Reykjavíkurborgar á gögnum til Landsbankans þar sem kerfi Landsbanka og Íslandsbanka eru mjög ólík. Ekki bætti úr skák að á sama tíma skipti milliinnheimtuaðili um kerfi hjá sér sem kallaði einnig á töluverða aðlögun af hendi Reykjavíkurborgar. Innheimtukröfur sem eru stofnaðar í bankanum sem sinnir innheimtuþjónustunni eru sendar í milliinnheimtu eftir 55 daga og því þurfti að aðlaga kerfi borgarinnar að kerfum innheimtuþjónustuaðila og milliinnheimtuaðila samtímis.

Kostnaður vegna þessara innleiðinga var vanáætlaður í fjárhagsáætlun ársins 2023 þar sem innleiðing úr bankanum sem sá um innheimtuþjónustuna fyrir Reykjavíkurborg á undan Íslandsbanka kallaði ekki á eins mikla vinnu og nú.

7. Sumarborgin 2023

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs hækki um 37.500 þ.kr. vegna verkefnisins sumarborgin okkar 2023. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -37.500
USK	xxx	Sumarborgin 2023	Til 37.500
			Samtals 0

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur verkefnið Sumarborgin fest sig í sessi og staðið fyrir verkefnum á breiðum grunni með það að markmiði að hvetja borgarbúa og aðra gesti til að heimsækja miðborgina og njóta alls sem hún hefur upp á að bjóða.

Breið samstaða hefur verið meðal rekstraraðila, stofnana, viðburðahaldara, listafólks og íbúa um verkefnið sem hefur jákvætt ímyndarlegt gildi fyrir borgina. Leitt væri að henda fyrir róða öllu því góða sem verkefnið hefur staðið fyrir og þróað undanfarin ár. Eftir reynslu sl. 3ja ára er komin þekking á því hvað virkar og hvað fólk hefur áhuga á, og því verður auðvelt að hámarka nýtingu á fjármagni.

Sumarborgin er hugsuð sem ákveðin brú á milli 17. júní og Menningarnætur þannig að íbúar og gestir borgarinnar geti heimsótt miðborgina og haft þar með eitthvað til að hlakka til. Auk þess er æskilegt að hægt sé að taka metnaðarfullt jólahald (jólamarkaðir) með í myndina eins og gert hefur verið undanfarin ár. Mikil uppbygging og þróun samstarfs við rekstraaðila í miðborginni hefur átt sér stað í gegnum verkefnið sem vilji er til að halda áframa að þróa – sem

höfuðborg Íslands er mikilvægt að borgarbúar og gestir horfi til miðborgarinnar á aðventunni þegar kemur að því að komast í jólaskap.

Ávinningur Sumarborgarinnar,

- Ímynd borgarinnar styrkist , borgarlandið nýtt á skemmtilegan hátt sem gefur borginni lifandi ásýnd.
- Samstarf borgar og rekstraraðila í miðborgar eflist, skilningur eykst milli aðila sem auðveldar öll samskipti og framgang verkefna stórra og smáa.
- Stuðningur við grasrótina í menningarlífi borgarinnar.
- Jafna aðgengi. Þátttaka er öllum að kostnaðarlausu.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri